

Fundarnúmer:	144
Dagsetning:	13.03.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

144. Fundur.

Árið 2008 fimmtudaginn 13. mars kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 144. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

a) Fundargerð 530. fundar 18. febrúar. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 531. fundar 25. febrúar. Fundargerð í 7 liðum. Borinn undir atkvæði 5. dagskrárliður fundargerðarinnar um ráðningu íþróttta- og tómstundafulltrúa og samþykkt með 4 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að ráða aðila til að annast úttekt á rekstri íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra að undangenginni verðkönnun og samþykkt byggðarráðs.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 532. fundar 3. mars. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 533. fundar 10. mars. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 87. fundar félagsmálaráðs 28. febrúar. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð 84. fundar landbúnaðarráðs 26. febrúar. Fundargerð í 5 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 140. fundar 20. febrúar. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 141. fundar 6. mars. Fundargerð í 6 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. b. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fresta afgreiðslu 2. b. dagskrárliðar í fundargerð 141. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Sveitarstjórn samþykkir að boða Ingva Þór Loftsson, arkitekt til fundar með sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisráði vegna deiliskipulagsvinnu.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 6. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Stefán Böðvarsson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:00.

Skúli Þórðarson(sign.), Ólafur B. Óskarsson, fundarritari(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.).

Þ. Karl Eggertsson(sign.), Rákel Runólfssdóttir(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.), Oddur Sigurðarson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.).